

## Fundargerð 126. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn föstudaginn 13. september 2018 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Símon Guðvarður Jónsson, Guðni Þór Elísson, Andrés Bjarnason og Brynjólfur Árnason.

Fjarfundur: Svanur Gunnsteinsson

Fjarverandi: Agnar Ólason

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 125
2. Staða kjaramála
3. 6. mánaða uppgjör
4. Staða orlofsmála
5. Gjafir frá VM
6. Önnur mál

Formaður setti fundinn.

### 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 125

Fundargerðin var ekki send út fyrr en í morgun og formaður stakk upp á að það yrði beðið með að undirrita hana þangað til næst svo menn hefðu tækifæri á að lesa hana yfir. Það var samþykkt.

### 2. Staða kjaramála

Formaður fór yfir stöðuna í kjaramálum. Stóra samninganefndin er búin að hittast 2x og kröfugerð að taka á sig mynd, þriðji fundurinn er svo í kvöld og þá ætti þetta að fara að skýrast. Sumir í lðnaðarmannafélögunum vilja bíða með kröfur þar til ASÍ hefur lagt línurnar en það gengur ekki við verðum að vera með eitthvað á blaði SA hafði samband við RAFÍS og óskaði eftir að lðnaðarmenn myndu fara fram fyrstir. Það er ekki vitlaust þar sem við vitum að VR og Efling munu leggja áherslu á lægstu taxtana og þá getur verið erfitt fyrir okkur að koma á eftir. Talað hefur verið um hjá lðnaðarmannasamfélaginu að ráða saman einn hagfræðing og myndi hann þá vera í ca 20% stöðu hjá okkur, einnig á að ráða saman einn vinnustaðafulltrúa sem talar helst, Íslensku, ensku, pólsku og rússnesku, það gæri verið erfitt að finna hann en rafiðnaðarmenn eru að leyta.

Formaður og Halldór fóru til Akureyrar á Lísu (fundur fólksins), þar voru margir fróðlegir fyrirlestrar m.a. hjá Ragnheiði sem vinnur hjá Veitum og það væri gaman að fá hana á fulltrúaráðsfundinn og og einhvern sem er mikið að spá í skatta og launamál. Svo var ASÍ með fyrirlestur um erlent vinnuafli og þar sagði einn erlendur verkamaður sína sögu sem var sláandi.

Sömu helgi og var líka 50 ára afmælishátíð Illugastaða, hátíðarkvöldverður á laugardagskvöldinu og skoðunarferð um svæðið á sunnudeginu, Formaður og Halldór fóru þangað ásamt Ebbu.

Þegar var verið að vinna kjarasamninginn um hvalveiðiskipin þá var fiskeldið með en þeir fengu að fresta gerð kjarasamnings með því skilyrði að koma aftur að borðinu í september svo það fer vonandi að fara af stað.

### **3. 6 mán uppgjör.**

6 mánaða staðan var lögð fram til upplýsinga.

### **4. Staða orlofsmála**

Formaður sagði frá leka frá sturtu í húsi 12 á Laugarvatni og sýndi myndir. Fundað var með Byggingarstjóra í gær og ætla þeir að skoða þetta betur og leggja fram skýrslu.

Tilboð barst varðandi lagfæringar á Einarstöðum rétt fyrir fundinn. Ákveðið var að fá líka tilboð í nýtt hús og þá með öllum kostnaði svo sem palli, jarðvegsframkvæmdum og fl. og taka þetta fyrir aftur á næsta fundi.

### **5. Gjafir frá VM**

Formaður lagði fram tillögu um að senda félagsmönnum gjöf frá félaginu þegar þeir yrðu 50, 60 og 70 ára. Umræður urðu og vildu sumir að gjafir yrðu alveg niður í 30 ára. Ákveðið var að taka saman fjölda þeirra sem eiga stjórafmæli á árinu og leggja fyrir næsta fund og koma með kostnaðaráætlun.

### **6. Önnur mál:**

- Formaður sagði frá því að kominn væri nýr tengiliður í Vestmannaeyjum
- Framundan er að á námskeið á Bifröst í samningartækni, 2 úr kjaradeildinni eru búnir að fara og 2 fara núna.
- Á síðasta stjórnarfundi var samþykkt að fara í samstarf við FMA um nýtingu orlofshúsa félaganna. Formaður FMA ætlaði að koma á fundinn til að skrifa undir en komst ekki til Reykjavíkur í tæka tíð. Hann kemur á eftir og þá verður skrifað undir.

Fundi slitið kl. 14:30